

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Þýskalandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu og framlenging banns við innflutningi frá Belgíu.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið „Avian Influenza“ í Þýskalandi, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Þýskalandi.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 16. júní 2003.

Jafnframt er framlengt til 16. júní samskonar bann við innflutningi frá Belgíu sem sett var með auglýsingu landbúnaðarráðherra nr. 313/2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.